

Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:

Konsertmeistari: Hlíf Sigurjónsdóttir

1. fiðla

Hlíf Sigurjónsdóttir
Jónína Thorarensen
Úlfhildur Ösp Indriðadóttir
Jelena Kuzminova
Anna von Heynitz
Zdena Tumová

2. fiðla

Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Hekla Arnardóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir
Helga Andrésdóttir
Dagrún Hjartardóttir
Agnes Eyja Gunnarsdóttir

Víóla

Páll Ingvarsson
Þórunn Harðardóttir
Steina Kristín Ingólfssdóttir
Sigrún Mary McCormick

Selló

Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir
Sverrir Teitsson
Bianca Tighe
Guðrún Svana Hilmarsdóttir

Kontrabassi

Kjartan Guðnason
Gunnar Hrafnsson
Dean Ferrell

Flauta

Kristrún H. Björnsdóttir
Karen Erla Karólínudóttir
Sigríður Hjördís Indriðadóttir

Óbó

Guðrún Másdóttir
Sverrir Guðmundsson

Klarinett

Kristín Þóra Pétursdóttir
Magnús Pálsson

Fagott

Snorri Heimisson
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Erling Róbert Eydal

Trompet

Hringur Gretarsson
Ólafur Elliði Halldórsson

Pákur

Kjartan Guðnason

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna í Seltjarnarneskirkju

sunnudaginn 11. mars 2018 kl. 17:00



Næstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna verða sunnudaginn 13. maí 2018 í Seltjarnarneskirkju. Stjórnendur verða Steingrímur Þórhallsson og Oliver Kentish.

Upplýsingar um Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, sögu hennar og starfsemi er að finna á vefsíðunni <http://www.ahugasinfonia.is/>

Hljómsveitin þakkar Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskirkju og Sinfóníuhljómsveit Íslands ómetanlegan stuðning.



Reykjavíkurborg



www.gudjono.is - Sími 511 1234



Stjórnandi:
Oliver Kentish

Einleikari:
Erna Vala Arnardóttir



Efnisskrá:

Gylfi Gudjohnsen: Verk fyrir blásarahóp og strengjasveit (frumflutningur)

Ludwig van Beethoven: Píanókonsert nr. 4 í G-dúr, op. 58
Allegro moderato
Andante con moto
Rondo, vivace


HLÉ

Joseph Haydn: Sinfónía nr. 88 í G-dúr
Adagio – Allegro
Largo
Menuetto, allegretto
Finale, allegro con spirito


Um flytjendur, höfunda og tónverk



Gylfi Gudjohnsen fæddist árið 1993 í Reykjavík. Hann var sjálfærður í tónlist framan af en árið 2014 hóf hann nám í tónsmíðum hjá Atla Ingólfssyni við Listaháskóla Íslands. Hann útskrifaðist þaðan með bakkalárgráðu árið 2017 og stefnir á frekara nám erlendis í framhaldinu. Verkið á efnisskrá, fyrir blásarahóp og strengjasveit, er komið til vegna beiðnar frá Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, en Gylfi hefur leikið í lágfiðludeild hennar í nokkur ár. Verkið er ákveðinn hlekkur í rannsóknum tónskálds á ómi mismunandi tónmengja en það hefur verið meðal helstu viðfanga skáldsins í sínum tónsmíðum.



Ludwig van Beethoven frumflutti 4. píanókonsertinn sjálfur á einka-tónleikum á heimili Lobkowitz prins í mars 1807. Heyrn hans var þá farið svo mjög að hraka að hann reyndi að fá aðra til að spila á píanóið. Sá fyrsti sagði verkið of erfitt til að læra það á skömmum tíma; sá næsti tók verkefnið að sér en spilaði svo annan Beethoven-konsert í staðinn þegar á hólminn kom, Beethoven til skiljanlegrar gremju. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna hefur einu sinni áður flutt þennan konsert. Það var í nóvember 2002 og lék Valgerður Andrésdóttir þá einleikshlutverkið.



Erna Vala Arnardóttir stundar mastersnám á píanó við Síbélíusarakademíuna í Helsinki undir leiðsögn Hamsa Juris og mun útskrifast þaðan í lok árs. Síðasta haust lauk hún bakkalárgráðu frá Listaháskóla Íslands og árið 2016 tók hún diplómapróf undir leiðsögn Peter Máté. Undanfarin ár hefur hún tekið virkan þátt í tónlistarlífi bæði á íslenskri og erlendri grundu, og hlotið viðurkenningar fyrir þátttöku sína í hinum ýmsu hátíðum og keppnum. Nýlega hlaut hún fyrsta sæti í EPTA píanókeppni Íslands og einnig var hún einn vinningshafa Ungra Einleikara og spilaði með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu árið 2015. Hún hefur haldið tónleika í Reykjavík, Helsinki, Portúgal, Spáni, Frakklandi og Ítalíu og hlotið mikið lof fyrir. Erna Vala er partur af Duo Dystopia ásamt kærasta sínum, bandaríska píanistanum Andrew Yang. Pau munu koma fram á næstu misserum í bæði Kaliforníu og Helsinki.

Í fyrrasumar stofnaði og skipulagði Erna Vala tónlistarhátíðina Sælugaukur í Skálholti ásamt Maríu Sól Ingólfssdóttur. Hátíðin hlaut góðar viðtökur og verður hér eftir haldin árlega sem hluti af sumardagskrá Skálholts.



Óliver Kentish er tónleikagestum Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna vel kunnur. Hann hefur verið aðalstjórnandi og listrænn leiðtogi sveitarinnar síðan 2005. Hann er Lundúnabúi að uppruna en fluttist til Íslands árið 1977 til þess að leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Síðan hefur hann tekið virkan þátt í tónlistarlífinu hér sem hljóðfæraleikari, kennari, stjórnandi og tónskáld. Frá árinu 1978 kenndi hann í átta ár við Tónlistarskólann á Akureyri og var einn af stjórnendum hljómsveitar skólans. Árið 1986 réði Óliver sig til Tónlistarskóla Hafnarfjarðar þar sem hann stofnaði Kammersveit skólans 1992. Auk þessara sveita hefur Óliver stjórnað öðrum hljómsveitum, svo sem Kammerhljómsveit Akureyrar (fyrirrennara Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands) og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Óliver hefur verið mjög afkastamikill tónskáld. Opinberir aðilar hafa pantað hjá honum verk og hann hefur þrívægis verið staðartónskáld á Sumartónleikum í Skálholti þar sem verk hans voru frumflutt. Óliver hefur tekið þátt í starfi Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna allt frá upphafi, bæði sem hljómsveitarstjóri og hljóðfæraleikari. Hljómsveitin hefur auk þess frumflutt nokkur verka hans.



Joseph Haydn (1732-1809) samdi sinfóníuna nr. 88 árið 1787. Hann var þá í þjónustu Esterházy-fjölskyldunnar, nánast sem þjónn, til að semja tónlist og standa fyrir tónlistarflutningi. Þarna naut hann starfsöryggis um 30 ára skeið en var jafnframt einangraður frá heiminum. Tónlist hans er þó heimsborgarleg og laus við heimóttarskap. Sagan segir að Mozart hafi eitt sinn kvartað við Haydn, læriföður sinn og vin: „Papa, þú hefur enga menntun fyrir hinn stóra heim, þú kannt of fá tungumál.“ Haydn svaraði: „Mitt tungumál skilist um alla veröld.“ Um þetta hljótum við að vera honum sammála.